



Reykjavík, 1. mars 2019

VEL2019030006

Lýðræðis- og mannréttindanefnd

Svar við fyrirspurn um stöðu mála vegna aðgerða stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjanda um alþjóðlega vernd – R19010329

Þær aðgerðir sem velferðarsvið ber ábyrgð á fyrir árið 2018 og 2019 eru eftirfarandi:

Aðgerð III.5

Endurskoða skal reglur borgarinnar um félagsþjónustu og fjárhagsaðstoð út frá þörfum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Greina skal hvaða þjónustu þessir hópar fá núna, með það í huga að fækka undanþágubeiðnum, flýta afgreiðslu og mæta þjónustuhörfum þeirra betur. Greina skal á hvaða hátt staða flóttafólks er ólík stöðu annarra borgara sem þiggja stuðning félagsþjónustunnar. Fara skal yfir hvaða undanþágur er helst verið að sækja um hjá félagsþjónustunni vegna flóttamanna og skoða í framhaldinu hvort ástæða sé til að breyta reglunum svo ekki sé þörf fyrir undanþáguumsókn.

Tímasetning: 2018

Greining mun fara fram fljótlega á gögnum frá árinu 2018 um þá þjónustu sem flóttafólk er að fá hjá velferðarsviði og skoða hvaða þjónustu þeir eru að fá, undanþágubeiðnir o.fl.

Starfandi er sérstakt teymi þvert á þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur, svokallað yfirfærsluteymi þar sem fjallað er eingöngu um mál flóttafólks sem er að fá þjónustu hjá velferðarsviði. Í teyminu sitja félagsráðgjafar sem veita flóttafólki þjónustu. Á þessum vettvangi er rætt m.a. um að skýra verkferla, draga úr undanþágubeiðnum, finna lausnir á vafamálum o.fl. Einnig að tryggja að jafnræði sé gætt í þjónustu á milli þjónustumiðstöðva og flýta afgreiðslu mála.

Deildarstjórar þjónustumiðstöðva ásamt lögfræðingum sviðsins hafa fjallað um þessi mál og munu halda áfram að gera það.

Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Reykjavíkurborg er með samning við Útlendingastofnun um að borgin þjónusti yfir 200 einstaklinga sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi. Starfandi er sérstakt þverfaglegt teymi hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðbogar og Hlíða sem sér um þjónustu við þennan fjölbreytta hóp. Áhersla er lögð á heildræna vinnu, skimun o.fl. Á meðan fólk bíður þess að fá svar við umsókn fær það fæði, húsaskjól ásamt almennum stuðningi og ýmsa aðstoð við

aðlögun í reykvísku samfélagi. Einnig er boðið upp á fjölbreyttan stuðning við barnafjölskyldur. Teymið er sjálfstæð rekstareining og allur rekstur, starfsmannakostnaður o.fl. er borgað af Útlendingastofnun.

Starfsmenn í teymi um umsækjendur um alþjóðlega vernd vinna við að taka saman tölur um þá þjónustu og stuðning sem flóttafólk fékk árið 2018.

III.6.

Finna þarf leið til að umsækjendur um alþjóðlega vernd sem fá stöðu flóttamanns geti strax sótt um þjónustu hjá borginni, en þurfi ekki að bíða vegna tafa við afgreiðslu kennitölu, t.d. að hægt sé að sækja um félagsráðgjafa og panta tíma hjá honum strax. Vinna skal markvisst að því að veita þeim sem fá stöðu flóttamanns eftir umsókn um alþjóðlega vernd sömu þjónustu og réttindi og þeim sem tekið er á mótum sem kvótaflóttamönnum. Samvinna við ríkið er mikilvæg.

Tímasetning: 2018

Teymi Reykjavíkurborgar sem sér um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd fylgir málum vel á eftir inn á þjónustumiðstöðvar borgarinnar þegar einstaklingar og fjölskyldur hafa fengið vernd. Sú yfirfærsla gengur vel og starfsmenn teymisins gera sérstaka samantekt við þjónustulok þegar umsækjendur fá vernd og hver staða viðkomandi sé. Haldnir eru sérstakir skilafundir vegna barnafjölskyldna. Þegar um er að ræða flóttafólk sem fengið hefur þjónustu frá öðrum teyimum utan Reykjavíkur sem þjónusta umsækjendur um alþjóðlega vernd er tekið tillit til þess ef einstaklingar eru að bíða eftir kennitölu og höfð er milliganga um að hægt sé að panta tíma hjá félagsráðgjafa og flýta fyrir þjónustu.

Samræmd móttaka flóttafólks

Félagsmálaráðuneytið samþykkti í janúar sl. tillögur sem sérstök nefnd lagði til varðandi samræmda móttöku flóttafólks. Um er að ræða annars vegar kvótaflóttafólk og hins vegar þá sem koma til landsins á eigin vegum og sækja um alþjóðlega vernd og fá stöðu sem flóttamenn. Nú er beðið eftir því að Félagsmálaráðuneytið framkvæmi þær aðgerðir sem lagðar eru til í skýrslunni. Ljóst er að þegar búið er að framkvæma þessar aðgerðir mun öll þjónusta við flóttafólk verða einfaldari og markvissari. Skýrslan:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5497912a-1a46-11e9-942f-005056bc4d74>

III.7.

Auka þarf kennsluráðgjöf, handleiðslu og sálfélagslegan stuðning til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi vegna þjónustu við börn flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Skerpa þarf á hlutverkum velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs í þessu sambandi og skilgreina ábyrgð miðlægra sviða annarsvegar og þjónustumiðstöðva hinsvegar. Þá þarf að byggja upp þekkingu og færni í skóla- og frístundastarfi á meðal stjórnenda, kennara og starfsfólks, í vinnu með börn og fjölskyldur flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Tímasetning: 2018-2019

Ábyrgð: Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið

Það er góð samvinna á milli skóla- og frístundasviðs og teymis um umsækjendur um alþjóðlega vernd vegna barna flóttafólks. Búið er að gera verklag þar sem börnum er fylgt vel á eftir inn í skóla borgarinnar. Í teyminu er sálfræðingur sem er tengiliður við SFS. Málstjórar fjölskyldna sem sjá um fjölskyldur sem sjá um samvinnu við skólana og eftirfylgni. Þeir skólar sem taka á mótum flóttabörnum stendur til boða fræðsla og annar stuðningur.

Velkomin í hverfið þitt

Búið er að samþykkja í borgarstjórn móttökuáætlunina „Velkomin í hverfið þitt“. Um er að ræða heildræna nálgun við móttöku nýrra fjölskyldna af erlendum uppruna með börn á leik- og grunnskólaaldri. Þetta er samstarfsverkefni á milli þjónustumiðstöðva Reykjavíkur og starfsmanna SFS.

Starfmenn VEL og SFS munu hittast fljótlega til að fylgja á eftir því að skerpa á hlutverkum sviðanna hvað varðar ábyrgð miðlægra sviða annars vegar og þjónustumiðstöðva hins vegar vegna vinnu með barnafjölskyldum af erlendum uppruna.

Varðandi uppbyggingu þekkingar fyrir starfsfólk sviðanna að þá var haldin þriggja daga vinnusmiðja um vinnu með flóttafólki sem velferðarsvið tók frumkvæði að, sem starfsfólki VEL og SFS var boðið á í byrjun febrúar sl. Þeir sem sáu um fræðslu á vinnusmiðjuna eru helstu sérfræðingar Danmerkur í vinnu með flóttafólki.

III.18.

Gerð verði tillaga að framtíðarskipulagi þess með hvaða hætti Reykjavíkurborg, í samvinnu við ríkið, hyggst tryggja flóttafólki og umsækjendum um alþjóðlega vernd öruggt, tímabundið húsnæði. Skoðaðar verði þær leiðir sem nágrannaþjóðir hafa farið til að tryggja hópunum öruggt, tímabundið húsnæði án þess að það hafi áhrif á almenn og sértæk húsnæðisúrræði hjá borginni.

Tímasetning: 2018 Samstarfsaðilar: skrifstofa þjónustu og reksturs

Ábyrgð: Velferðarsvið

Teymi Reykjavíkurborgar um umsækjendur um alþjóðlega vernd tryggir öllum þeim sem eru í hælismeðferð öruggt húsnæði í samvinnu við skrifstofu eign- og atvinnuþróunar.

Hafin verður vinna fljótlega við að huga að tillögum að framtíðarskipulagi um leiðir til að tryggja öruggt og tímabundið húsnæði fyrir flóttafólk sem fengið hefur vernd á Íslandi. Nú þegar er byrjað að skoða hvaða leiðir nágrannaþjóðir okkar hafa farið og fór skrifstofa velferðarsviðs í kynnisferð til Berlínar þar sem starfsfólk skoðaði m.a. tímabundið húsnæði fyrir flóttafólk sem gert er úr gámum.

Í tillögum Félagsmálaráðuneytis um samræmda móttöku flóttafólks eru ýmsar aðgerðir sem framkvæma á og tengist búsetumálum flóttafólks.

III.8.

Halda skal upplýsingafundi fyrir nærsamfélagið þar sem stór búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd eru. Upplýsa skal íbúa um aðstæður umsækjenda um alþjóðlega vernd og hvetja þá til þátttöku í sjálfboðnu starfi fyrir flóttamenn og umsækjendur um alþjóðlega vernd. Einnig mætti bjóða umsækjendum sem dvelja í Reykjavík á vegum borgarinnar viðeigandi samfélagsfræðslu. Mikilvægt að huga að þessum þáttum í samningagerð við Útlendingastofnun.

Tímasetning: 2019 Samstarfsaðilar: Hverfisráð

Ábyrgð: Velferðarsvið

III.9.

Í samningum við ríkið verði komið verði til móts við búsetuóskir hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd. Sumir hinsegin umsækjendur um alþjóðlega vernd upplifa sig örugga í

búsetuúrræðum fyrir einstæða karlmenn og vilja frekar búa með fjölskyldum.

Tímasetning: 2019

Ábyrgð: Velferðarsvið

III.10.

Heimahjúkrun og heimaþjónusta fyrir aldraða verði skoðuð út frá þörfum aldraðra og öryrkja í hópi innflytjenda. Þetta feli í sér greiningu á þörfum og þjálfun starfsfólks í að koma til móts við þær.

Tímasetning: 2019

Ábyrgð: Velferðarsvið

Varðandi vinnu við aðgerðir III.8, III.9 og III.10 mun vinna við þær hefjast á þessu ári.

I.10.

Framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum taki sérstaklega mið af börnum og foreldrum sem hafa ekki íslensku að móðurmáli. Ekki má gleyma fjölskyldum þar sem annað foreldri er íslenskt en hitt erlent.

Tímasetning: 2019-2020

Samstarfsaðilar: Barnavernd Reykjavíkur

Ábyrgð: Velferðarsvið

Fljótlega verður hafin vinna við gerð framkvæmdaáætlunar í barnaverndarmálum og þar verður áhersla lögð m.a. á börn af erlendum uppruna og foreldrum þeirra.

III.11.

Þjónustumiðstöðvar og barnavernd leggi meiri áherslu á að styðja erlenda foreldra í foreldrahlutverkinu. Þróa þarf úrræði svo þau nýtist fjölskyldum sem tala hvorki íslensku né ensku. Mikilvægt er að tryggja aðgengi að túlkahjónustu og efni á fleiri tungumálum en íslensku.

Tímasetning: 2019-2020

Ábyrgð: Velferðarsvið

Undanfarin ár hefur verið vinna í gangi við að finna leiðir til að styðja erlenda foreldra í foreldrahlutverki sínu. Búið er að þýða efnið sem notað er á námskeiðinu Uppeldi sem virkar á pólsku en það er heilsugæslan sem heldur þessi námskeið. Búið er að þjálfna pólska leiðbeinendur. Starfsfólk Reykjavíkurborgar kom að þessum undirbúningi í samvinnu við heilsugæsluna.

Á árinu verður byrjað að huga að því að búa til námskeið fyrir erlenda foreldra um málefni barnafjölskyldna þar sem áhersla verður m.a. lögð á upplýsingar til foreldra um málefni barna á Íslandi (skólakerfið á Íslandi, frístundastarf, að læra nýtt tungumál fyrir börn og foreldra, uppeldisaðferðir o.fl.)

Í mars nk. verður haldinn fundur með pólskum foreldrum þar sem kynnt verður barnaverndarstarf á Íslandi hjá sendiherra Póllands. Um er að ræða samvinnu á milli velferðarsviðs, mannréttindaskrifstofu Rvk., Barnaverndarstofu og Pólska skólans.

Haldnir hafa verið fundir með PMTO svæðisstjóra Reykjavíkurborgar um leiðir til að bjóða erlendum foreldrum upp á PMTO námskeið í að styrka þá í foreldrafærni sinni. Búið er að kostnaðargreina einstaklingsmeðferð á ensku og til stendur að skoða möguleikana á að bjóða erlendum foreldrum upp á PMTO námskeið. Miðstöð PMTO á Barnaverndarstofu er að sækja

um styrki til að halda námskeið fyrir foreldra af erlendum uppruna. Einnig er verið að kanna hvort hægt sé að búa til sérstök námskeið fyrir flóttafólk.

MindSpring

Hafinn er undirbúningur um að innleiða hópastarf fyrir flóttafólk sérstaklega. Um er að ræða hópastarf fyrir foreldra, ungmenni og börn um aðlögun í nýja landi þar sem fjallað verður um málefni sem tengist lífi þeirra og hvernig þau geta tekist betur á við nýjar aðstæður í nýju landi. Búið er að innleiða MindSpring í Danmörku og hefur þessi aðferð nýst mjög vel í vinnu með flóttafólki og almenn ánægja með það. Velferðarsvið mun vinna náið með Center for udsatte flygtninger í Danmörku í innleiðingarferlinu.

Aðrar aðgerðir sem eru á ábyrgð velferðarsviðs eru tímasettar á árinu 2020

III.12. Gerð verði rannsókn á þörf innflytjenda fyrir búsetuárræði og úthlutun til þeirra.

Utangarðsfólk verði skoðað sérstaklega.

Tímasetning: 2020

Ábyrgð: Velferðarsvið

Edda Ólafsdóttir félagsráðgjafi
Skrifstofa velferðarsviðs Reykjavíkur